


# DEILISKIPULAG SKÓGAHVERFIS AKRANESI - 4. ÁFANGI. BREYTING: ASPARSKÓGAR 1-5



Gildandi skipulag

MKV. 1:1.000

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkir eftirtaldir breytingar á deiliskipulagi 4. áfanga Skógahverfis, sem samþykkt var 25.2.2020:

Suðausturlóðamörk lóða nr. 1, 3 og 5 við Asparskóga eru færð um 4 m og verða við akbrautarkant. Með breytingunni verða bílastæði samsíða Asparskógum innan lóða en skv. skilmálum eru þau meðtalin í bílastæðapörf lóðanna. Kvöð verður á lóðunum um að Akranesbær leggi og viðhaldi gangstétt innan lóðanna meðfram Asparskógum skv. deiliskipulagi. Nýtingarhlutfall er lækkað vegna stækkunar lóða og miðast við óbreytt byggingarmagn.

Hámarksveggghæð húsa með einhalla þaki á lóðum nr. 1, 3, 5 og 7 við Asparskóga má vera 7,5 m yfir gólfkóta 1. hæðar í stað 6,5 m. Skýringarmynd er uppfærð.


Veitt er undanþága um að svalagangar verði heimilaðir á lóð nr. 3 við Asparskóga.

## BREYTING Á SKILMÁLUM

Gildandi skipulag, kafli 2.2.2 Bílastæði:

Við Asparskóga eru bílastæði samsíða akbraut. Ef lóðarhafar aðliggjandi lóða geta ekki sýnt fram á að kröfur um bílastæði verði uppfylltar innan lóða geta þeir talið stæði við Asparskóga með gegn greiðslu kostnaðar við gerð bifreiðastæða á Akranesi skv. samþykkt þar um. Heimilt er að telja þau stæði með bílastæðum aðliggjandi lóðar. Ekki er heimilt að sérmerkja slík stæði.

Akraneskaupstaður mun setja sérstaka skilmála um gerð bílastæða sem eru við húsagötur en innan lóðar nr. 7 við Asparskóga og verður framkvæmdakostnaður lagður við gatnagerðargjöld. Þetta er gert til þess að njóta hagræðis af því að framkvæmd og frágangur gatna verði á einni hendi.




Breytt skipulag


kafli 2.2.2 Bílastæði:

[Fyrri málgrein felld út].

Akraneskaupstaður mun setja sérstaka skilmála um gerð bílastæða sem eru við húsagötur en innan lóða nr. 1, 3, 5 og 7 við Asparskóga og verður framkvæmdakostnaður lagður við gatnagerðargjöld. Þetta er gert til þess að njóta hagræðis af því að framkvæmd og frágangur gatna verði á einni hendi.



Uppfærð skýringarmynd um húsahæðir í kafla 2.2.3. Veggghæð 7,5 m á við hærrí langhlíð húss með einhalla þaki.



Aðalskipulag Akraness 2005-2017 m.s.br.

## SKÝRINGAR

—	MÖRK SKIPULAGSSVÆDIS	—	BYGGINGARREITUR
—	LÖBAMÖRK	F	HÚSGERÐ
—	LÖB FYRIR FJÖLBÝLIHÚS	Z	Fjölbýlishús
—	LÖB FYRIR VEITUMANNVIRKI, SPENNISTÖÐ		Vetumannvirki, spennistöð
—	OPIÐ SVÆÐI	I/II/IV	HÆDAFJÖLDI
—	GATNAKERFI	II ½	Fjöldi hæða
—	Akbraut	kj	Tvær hæðir og ris
—	Gangstétt		Kjallari
—	Kantar, eyjar		SKÝRINGARLÍNUR
—	Hellulagt yfirborð og hraðahindrandi útfærsla		
—	KVÖÐ UM GANGSTÉTT INNAN LÓÐAR		
—	BÍLASTÆÐI Á LÖÐ, fjöldi og staðsetning		
—	BÍLASTÆÐI VIÐ ADALGÖTU		
—	FJÖLDI BÍLASTÆÐA Í BÍLAGEYMSLU Í KJALLARA		

Greinargerð dags. 18.10.2019/17.2.2010 er hluti deiliskipulagsins.

Breytingarnar eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en lóðarhafa og Akranesbæjar og teljast þær því óverulegar sbr. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga.

Þar sem breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og viðkomandi lóðarhafa er hún samþykkt með hliðsjón af 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2020.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði

og í bæjarstjórn Akraness

bæjarstjóri

Gildistaka breytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda \_\_\_\_\_

## SKIPULAGS- OG UMHVERFISVIÐ

	Skógahverfi, Akranesi, 4. áfangi	VERK	18-490
	BREYTING: Lóðamörk Asparskóga 1, 3 og 5, hámarksveggghæð húsa með einhalla þaki.	BLAÐ	02
HANNAÐ ÁÓ, LF	TEIKNAD ÁÓ	DAGS.	23.9.2020
KVARÐI 1:1.000. Blaðstærð A2		BREYTT	